



# Orkustofnun

Endurskoðunarskýrsla 2016



# Efnisyfirlit

1	Inngangur .....	3
2	Niðurstöður .....	4
3	Fjárheimildir og rekstur .....	5
3.1	Fjárheimildir .....	5
3.2	Rekstraráætlun.....	5
3.3	Niðurstaða.....	5
4	Innra eftirlit.....	6
4.1	Inngangur .....	6
4.2	Umfjöllun .....	6
4.3	Niðurstaða.....	6
5	Fylgni við lög og reglur.....	7
5.1	Lög og reglugerðir .....	7
5.1.1	Ferðakostnaður.....	7
5.1.2	Risna.....	7
5.1.3	Leigusamningar.....	7
5.1.4	Virðisaukaskattur – meðferð í Orra og endurgreiðslur.....	7
5.2	Niðurstaða.....	7
6	Umsjónarverkefni Orkustofnunar .....	8
6.1	Orkusjóður .....	8
6.2	Jarðhitaskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna 03-391-1.17 .....	8
6.3	Orkusetur á Akureyri.....	8
6.4	Niðurgreiðslur á húshitun 04-583 .....	8
6.5	Kolvetnisrannsóknarsjóður 04-599-1.30.....	8
6.6	Jarðhitaleitaráttak 2008-2010.....	9
7	Endurskoðun efnahagsliða .....	10
7.1	Eignir .....	10
7.1.1	Skammtímakröfur og vörslufé .....	10
7.1.2	Handbært fé.....	10
7.1.3	Ríkissjóður.....	10
7.2	Eigið fé og skuldir .....	10
7.2.1	Höfuðstóll .....	10
7.2.2	Viðskiptaskuldir og vörslusjóður.....	11
7.3	Niðurstaða.....	11
8	Önnur atriði .....	12
8.1	Samþykkt ársreiknings .....	12
8.2	Staðfestingarbréf stjórnenda .....	12
8.3	Óhæðisyfirlýsing.....	12

# 1 Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun ársreiknings Orkustofnunar og umsjónarverkefna hennar fyrir árið 2016.

Ársreikningur Orkustofnunar, sem er gerður af aðalbókara stofnunarinnar, er byggður á bókhaldi stofnunarinnar og öðrum upplýsingum stjórnenda. Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að stjórnendur stofnunarinnar eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningsskilanna. Þetta felur meðal annars í sér að bókhald og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi, að réttum reikningsskilareglum sé fylgt og að viðeigandi innra eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat á ársreikningnum ásamt almennum greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Stofnunin veitti greinargóðar upplýsingar um öll þau atriði er spurt var um.

Í samræmi við 5. grein laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

- Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.
- Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðeigandi árangur.
- Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáráukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og rekstrarverkefni þar sem það á við.

Ársreikningur stofnunarinnar var síðast tekinn til skoðunar vegna ársins 2013.

## 2 Niðurstöður

Endurskoðun ársreikninga Orkustofnunar og umsjónarverkefna hennar fyrir árið 2016 var í meginatriðum án athugasemda og ekki verður annað séð en að stofnunin leggi metnað sinn í að fylgja þeim lögum og reglugerðum sem almennt gilda um fjárreiður og bókhald.

## 3 Fjárheimildir og rekstur

### 3.1 Fjárheimildir

Framlag ríkissjóðs á fjárlögum fyrir árið 2016 nam 401,8 m.kr. og urðu það endanlegar fjárheimildir á árinu. Rekstrargjöld að frádregnum tekjum námu samtals 614,1 m.kr. og varð því 212,3 m.kr. tekjuhalli á árinu 2016 eða 52,8% umfram fjárheimildir ársins samanborið við 27,0 m.kr. tekjuhalla árið áður. Rekstrargjöld umfram sértekjur hækkuðu milli ára um 207,3 m.kr. eða 51,0%. Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á fjárheimildum og rekstri á árinu 2016 og rekstri árið 2015:

Í þús. kr.	Fjárlög 2016	Fjárheimild 2016	Rekstur 2016	Frávik 2016	Rekstur 2015
Sértekjur	-225.400	-225.400	-229.737	4.337	-245.196
Launagjöld	338.700	338.700	340.527	-1,827	334.719
Önnur rekstrargjöld	283.000	283.000	498.544	-215.544	310.779
Eignakaup	5.500	5,500	4.814	686	6.551
<b>Samtals</b>	<b>401.800</b>	<b>401.800</b>	<b>614.148</b>	<b>-212.348</b>	<b>406.853</b>

Sértekjur voru 4,3 m.kr. umfram fjárheimildir, launagjöld voru 1,8 m.kr. undir fjárheimildum og önnur rekstrargjöld voru 215,5 m.kr. umfram heimildir sem skýrist að mestu af djúpborunarverkefni sem fjármagnað var með ríkisframlagi á fyrri árum og gjaldfært árið 2016.

Helstu breytingar á milli ára eru 15,5 m.kr. lækkun á tekjum, 5,8 m.kr. hækkun launagjalda, 187,7 m.kr. hækkun annarra rekstrargjalda og 1,7 m.kr. lækkun eignakaupa eða samtals 172,2 m.kr. Fjárheimildir hækkuðu einnig frá fyrra ári eða um 22,0 m.kr.

Tekjuhalli ársins 2016 rúmast innan uppsafnaðs tekjuafgangs fyrri ára sem var 253,0 m.kr. í ársbyrjun og var höfuðstóll því jákvæður um 40,6 m.kr. í árslok 2016.

### 3.2 Rekstraráætlun

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að vandað sé til við gerð rekstraráætlunar, að hún sé skráð í fjárhagskerfið og að reglulega sé fylgst með því hvort tekjur og gjöld séu í samræmi við áætlun.

Rekstraráætlun Orkustofnunar fyrir árið 2016 var skráð í fjárhagskerfi ríkisins (Orra) og var í samræmi við fjárheimildir.

### 3.3 Niðurstaða

Rekstrarniðurstaða Orkustofnunar var neikvæð um 212,3 m.kr. í árslok 2016.

## 4 Innra eftirlit

### 4.1 Inngangur

Forstöðumaður Orkustofnunar ber ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits hjá stofnuninni. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og að fylgt sé lögum og reglum.

Ríkisendurskoðun ber skv. lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðeigandi árangur.

### 4.2 Umfjöllun

Við mat á eftirlitsumhverfi stofnunarinnar reyndist innra eftirlit almennt vera í lagi. Skipurit er til fyrir stofnunina og stefnuskjöl fyrir jafnréttis-, starfsmanna-, samgöngu- og upplýsingastefnur. Ábyrgð og umsjón með bókhaldi og fjárreiðum er vel skilgreind og afmörkuð. Ákveðinn veikleiki er þó í skráningu tíma á verk og þarf að bæta úr því verklagi.

Samkvæmt upplýsingum frá Orkustofnun er unnið að innleiðingu upplýsingakerfis sem mun bæta úr skráningu tíma á verk og gera verkefnastjórum betur kleift að fylgjast með því.

Fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins (Orri) er notað fyrir vinnslu á launaafgreiðslu. Stofnunin er með eigið bókhaldskerfi „Navision“ og nýtir „Timon“ tímaskráningarkerfi fyrir skráningu á viðveru og fjarvistum starfsmanna.

### 4.3 Niðurstaða

Endurskoðun á virkni innra eftirlits hjá Orkustofnun varðandi fjármál og bókhald var án athugasemda. Ekkert bendir til annars en að ferlið sé skilvirkt og að metnaður sé lagður í að fylgja því skipulagi sem ákveðið hefur verið hjá stofnuninni.

## 5 Fylgni við lög og reglur

### 5.1 Lög og reglugerðir

Við fjárhagsendurskoðun er skoðað hvort rekstur stofnunarinnar hafi verið í samræmi við lög og reglugerðir sem um hana gilda varðandi fjárreiður og bókhald. Um fjárheimildir og rekstraráætlun er fjallað í kafla 3. Eftirfarandi liðir voru auk þess teknir til skoðunar vegna ársins 2016:

#### 5.1.1 Ferðakostnaður

Samkvæmt athugunum á úrtaki ferðareikninga er reglum um greiðslu ferðakostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins fylgt og á það einnig við um uppgjör slíkra ferða. Ferðareikningi er skilað á sérstöku eyðublaði.

#### 5.1.2 Risna

Risnureikningar ársins 2016 voru skoðaðir. Reikningarnir uppfylltu almenn formskilyrði og tilefni risnu kemur fram.

#### 5.1.3 Leigusamningar

Stofnunin er ekki með samninga um kaupleigu eða fjármögnunarleigu og ekki heldur skuldbindingar til lengri tíma en 90 daga.

#### 5.1.4 Virðisaukaskattur – meðferð í Orra og endurgreiðslur

Bókun og kóðun færslna reikninga sem bera VSK eru í samræmi við fyrirmæli Fjárslu ríkisins. Inneign vegna endurgreiðslu VSK færir reglulega til eignar á viðskiptareikning stofnunarinnar við ríkissjóð.

### 5.2 Niðurstaða

Ekkert bendir til annars en að Orkustofnun fylgi lögum og reglum sem almennt gilda um fjárreiður og bókhald ríkisstofnana í A-hluta.



## 6 Umsjónarverkefni Orkustofnunar

### 6.1 Orkusjóður

Orkustofnun annast umsýslu Orkusjóðs. Framlag ríkisins nam 31,5 m.kr. á árinu 2016. Styrkveitingar námu 29,3 m.kr. en bakfærðir eldri styrkir námu 5,9 m.kr. Gjaldfærðir styrkir voru því 23,4 m.kr. Rekstrarkostnaður nam 13,1 m.kr. og fjármunatekjur námu 6,2 m.kr. Hagnaður ársins nam því 1,2 m.kr. Innstæður sjóðsins í árslok 2016 voru 126,8 m.kr. Ógreiddir styrkir og aðrar skammtímaskuldir námu 45,9 m.kr. Eigið fé sjóðsins í árslok var jákvætt um 96,0 m.kr.

### 6.2 Jarðhitaskóli Háskóla Sameinuðu Þjóðanna 03-391-1.17

Orkustofnun hefur verið falin umsjón með rekstri Jarðhitaskóla Háskóla Sameinuðu Þjóðanna og annast stofnunin færslu bókhalds og greiðslu reikninga en Fjársýsla ríkisins annast launavinnslu fyrir skólann. Framlög frá Utanríkisráðuneyti námu 214,2 m.kr. en styrkir og aðrar tekjur 162,7 m.kr. Heildartekjur ársins 2016 námu því 376,9 m.kr. og heildargjöld fyrir fjármunatekjur og gjöld námu 376,7 m.kr. Fjármunatekjur að frádregnum fjármagnstekjuskatti námu 0,2 m.kr. og gengistap nam 4,9 m.kr. Gjöld umfram tekjur námu því 4,6 m.kr. Eigið fé skólans í árslok var jákvætt um 12,9 m.kr.

### 6.3 Orkusetur á Akureyri

Atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti hefur falið Orkustofnun að reka Orkusetur á Akureyri. Framlög ársins 2016 námu 27,0 m.kr. Rekstrargjöld námu 41,0 m.kr. og fjármunatekjur umfram fjármagnsgjöld námu 1,4 m.kr. Tekjuhalli ársins nam því 12,2 m.kr. 2016. Handbært fé nam 27,9 m.kr. og eigið fé var jákvætt um 1,7 m.kr. í árslok 2016.

### 6.4 Niðurgreiðslur á húshitun 04-583

Atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti hefur falið Orkustofnun að sjá um bókhald og greiðslur fyrir fjárlagalið 04-583, *Niðurgreiðslur á húshitun*. Verkefnið fékk framlag á fjárlögum 2016 að fjárhæð 1.951,7 m.kr. Niðurgreiðslur og umsjón þeirra námu 1.960,9 m.kr. og fjármunatekjur að frádregnum fjármagnstekjuskatti 1,9 m.kr. Tekjuhalli ársins 2016 nam því 7,3 m.kr. Handbært fé nam 11,6 m.kr. og eigið fé var neikvætt um 7,3 m.kr. í árslok 2016.

### 6.5 Kolvetnisrannsóknarsjóður 04-599-1.30

Sérstakur Kolvetnisrannsóknarsjóður var stofnaður skv. 8. mgr. 10. gr. laga nr. 13/2001 um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis. Orkusjóði, undir umsjón Orkustofnunar, er falið að annast daglega umsýslu sjóðsins. Framlög ársins 2016 námu 10,0 m.kr. Tilfærslur og annar kostnaður nam 38,7 m.kr. og fjármunatekjur námu 1,1 m.kr. Tekjuhalli ársins 2016 nam því 27,5 m.kr. Handbært fé nam 35,9 m.kr. og eigið fé var jákvætt um 4,4 m.kr. í árslok 2016.

## 6.6 Jarðhitaleitarátak 2008-2010

Atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti hefur falið Orkustofnun/Orkusjóði framkvæmd jarðhitaleitarátaka á köldum svæðum landsins. Enginn eiginlegur rekstur var hjá áttakinu árið 2016 en einn styrkur að fjárhæð 5,0 m.kr. var bakfærður, annar kostnaður nam 0,4 m.kr. og fjármunatekjur umfram fjármagnsgjöld námu 0,6 m.kr. Tekjuafgangur ársins nam því 5,2 m.kr. Handbært fé nam 15,5 m.kr. í árslok 2016 og eigið fé var jákvætt um 11,1 m.kr.

## 7 Endurskoðun efnahagsliða

Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok 2016 námu eignir Orkustofnunar 515,8 m.kr. og skuldir voru 475,1 m.kr., þar af var vörslusjóður vegna Evrópuverkefna 84,1 m.kr. Höfuðstóll var jákvæður um 40,6 m.kr.

Í þús. kr.	2016	2015	Breyting
Eignir:			
Ríkissjóður	207.605	277.787	-70.182
Skammtímakröfur og vörslufé	233.999	145.638	88.360
Handbært fé	74.188	56.314	17.875
Eignir alls	515.792	479.739	36.053
Eigið fé og skuldir:			
Höfuðstóll	40.651	252.999	-212.348
Skammtímaskuldir og vörslusjóður	475.141	226.740	248.401
Eigið fé og skuldir alls	515.792	479.739	36.053

### 7.1 Eignir

#### 7.1.1 Skammtímakröfur og vörslufé

Skammtímakröfur og vörslufé námu samtals 234,0 m.kr. í árslok 2016 sem er hækkun um 88,4 frá fyrra ári. Vörslufé vegna Evrópuverkefna nam 84,1 m.kr. Skammtímakröfur námu 149,9 m.kr. en þar af voru kröfur vegna umsjónarverkefna 57,1 m.kr.

#### 7.1.2 Handbært fé

Handbært fé nam 74,2 m.kr. í árslok 2016 og var það innistæður á bankareikningum. Samræmi var á milli stöðu bókhalds og yfirlita frá banka.

#### 7.1.3 Ríkissjóður

Inneign hjá Ríkissjóði í árslok 2016 nam 207,6 m.kr. og hafði lækkað um 70,2 m.kr. frá fyrra ári.

### 7.2 Eigið fé og skuldir

#### 7.2.1 Höfuðstóll

Höfuðstóll nam 40,6 m.kr. á árslok 2016. Staða höfuðstóls í ársbyrjun var 253,0 m.kr. sem skiptist í ónotaðar fjárheimildir vegna Djúpborunarverkefnis 219,0 m.kr., Hafréttarverkefnis 3,0

m.kr og annað eigið fé 31,0 m.kr. Höfuðstóll lækkaði um 212,3 m.kr. frá fyrra ári eða sem nemur tekjuhalla ársins.

Á árunum 2007 til 2010 fékk Orkustofnun fjárframlög frá ríkissjóði vegna Djúpbörunarverkefnis samtals 342,0 m.kr. Eftirstöðvar þessara framlaga námu 155,0 m.kr. í árslok 2016 og voru þær gjaldfærðar með samþykki stjórnenda og ráðuneytis og færðar sem skuld við HS veitur hf. sem er framkvæmdaaðili verkefnisins.

### 7.2.2 Viðskiptaskuldir og vörslusjóður

Viðskiptaskuldir og vörslufé vegna Evrópuverkefna námu 234,0 m.kr. Viðskiptaskuldir námu 150,0 m.kr. í árslok 2016 sem er hækkun um 62,0 m.kr. frá fyrra ári. Vörslufé nam 84,1 m.kr. í árslok 2016 sem er hækkun um 26,4 m.kr. frá fyrra ári.

## 7.3 Niðurstaða

Ekki komu fram athugasemdir við endurskoðun efnahagsliða.

## 8 Önnur atriði

### 8.1 Samþykkt ársreiknings

Ársreikningur Orkustofnunar hefur verið samþykktur af Orkumálastjóra og yfirbókara .

### 8.2 Staðfestingarbréf stjórnenda

Fjársýsla ríkisins sendi stofnuninni staðfestingarbréf sem var samþykkt og undirritað af forstöðumanni og aðalbókara.

### 8.3 Óhæðisyfirlýsing

Óhæðisyfirlýsingar þeirra endurskoðenda, sem sáu um endurskoðun hjá Orkustofnun, voru undirritaðar.



Ríkisendurskoðun – Bríetartúni 7  
Pósthólf 5350 – 125 Reykjavík  
Sími 569-7100  
[postur@rikisend.is](mailto:postur@rikisend.is) – [www.rikisendurskodun.is](http://www.rikisendurskodun.is)